

Iceland exclusive travels ehf
Jöldugróf 3
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Hellissandi 30. mars 2016
UST201603-185/G.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Vatnshellir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Iceland exclusive travels dags. 22. 03. 2016, vegna fyrirhugaðrar kvikmyndatöku í Vatnshelli sem er innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Í reglugerð um þjóðgarðinn, nr. 568/2001, segir að hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald sé óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Gert er ráð fyrir því að kvikmyndatakan fari fram 29. apríl næstkomandi í Vatnshelli. Áætlað er að tókutími verði um ein klukkustund. Kvikmyndatökumenn munu ganga um hellinn með leiðsögumanni á sama hátt og ferðamenn gera. Engin önnur tæki en kvikmyndavél verður með í ferðinni. Rætt hefur verið við rekstraraðila Vatnshellis og eru þeir samþykkir kvikmyndatökunni en hafa skal samráð við þá um frekari útfærslu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að kvikmyndatakan komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða ásýnd hellisins enda verði þess gætt að hraunmyndarnir í hellinum verði ekki snertar.

Skilyrði


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku í Vatnshelli í apríl 2016 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávík á ofangreindri lýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Þess skal gætt að snerta ekki hraunmyndarnir hellisins og einnig að ekkert verði skilið eftir.
- Kvikmyndatökumenn hafi samráð við rekstraraðila Vatnshellis um nánari útfærslur á kvikmyndatökunni.

Eftirlit

Umhverfisstofnun telur ekki þörf á að hafa sérstakt eftirlit með kvikmyndatökunni þar sem farið er um hellinn með leiðsögumönnum sem bera ábyrgð á umgengni um Vatnshelli.

Virðingarfyllst,


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Gunnarsdóttir
Þjóðgarðsvörður